

PRÓF til viðurkenningar bókara

II. HLUTI

SKATTSKIL OG UPPLÝSINGATÆKNI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: *Skattskil og upplýsingatækni*

Prófdagur: **10. desember 2015** Kl.: 13.00 – 16.00

Próftími alls: **3 klukkustundir** Prófblöð **9 blaðsíður**
þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir skv. prófefnislýsingu Vasareiknir Fylgiblöð: Óútfyllt blöð

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. hluti - krossaspurningar (40%)

Veljið aðeins eitt svar af þeim svarmöguleikum sem eru til staðar við hverja spurningu. Vægi hvernar spurningar er 2,5% að undanskildum spurningum 12 og 13 en þar er vægi hvorrar spurningar 6,25%.

1. Getur eftirlifandi maki nýtt persónuafslátt hins látna eftir andlát.
 - a. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna út tekjuárið.
 - b. Eftirlifandi maki getur ekki nýtt persónuafslátt hins látna.
 - c. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í 12 mánuði eftir andlát.
 - d. Ekkert af framangreindu á við.

2. Hvað af neðangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð?
 - a. Ökutækjastyrkur.
 - b. Bifreiðahlunnindi.
 - c. Dagpeningar.
 - d. Eftirlaun.
 - e. Allt af framangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð.
 - f. Ekkert af framangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð.

3. Jón og Gunna eru með 17.000.000 krónur í árslaun á tekjuárinu 2015. Jón er með 3.000.000 kr. í laun á árinu 2015 og Gunna er með 14.000.000 kr. í tekjur á árinu 2015. Gunna hefur greitt 37,3% staðgreiðslu af launum að 3.709.680 kr., 39,74% af launum frá 3.709.681 til 10.036.848 kr. og 46,24% í staðgreiðslu af launum umfram 10.036.849 kr. á árinu 2015. Gunna spyr þig hvort hún geti ekki lækkað skattgreiðslur sínar eitthvað með því að nýta sér lægri skattþrep Jóns þar sem þau séu samsköttuð. Hverju svarar þú?
 - a. Gunna getur nýtt sér allt miðskattþrep Jóns og hluta af neðsta skattþrepi Jóns.
 - b. Gunna getur ekki nýtt sér neitt af skattþrepum Jóns.
 - c. Gunna getur nýtt sér helming af miðskattþrepi Jóns.
 - d. Ekkert af framangreindu á við.

4. Karl og Dána hafa verið saman í 2 ár. Þau hafa hvorki verið skráð í sambúð né verið með sama lögheimili. Þau skráðu sig í sambúð 1. september 2015 þar sem Dána er ófrísk og von er á barninu 1. apríl 2016. Dána hóf nýverið nám í HR og fyrirséð er að hún verður tekjulaus næstu árin. Karl og Dána hafa heyrt að Karl geti nýtt skattkort Dönu og nú leita þau til þín og spyrja hvort það sé rétt. Hverju svarar þú?
- Karl og Dána geta ekki óskað eftir samsköttun fyrr en sambúðin hefur varað í samfelld eitt ár hið minnsta.
 - Karl og Dána geta óskað eftir samsköttun frá og með 1. september 2015 þar sem þau hafa skráð sig í sambúð.
 - Karl og Dána geta óskað eftir samsköttun þar sem þau eiga von á barni saman.
 - Ekkert af framangreindu á við.
5. Hver af neðangreindum aðilum telst ekki vera launamaður í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda?
- Maður sem fær happdrættisvinning frá SíBS.
 - Erlent félag sem fær greiddan arð frá innlendu félagi.
 - Manni sem ber að reikna sér endurgjald.
 - Erlent félag sem fær greidda vexti af innlendu félagi.
 - Allir framangreindir aðilar teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.
 - Enginn af framangreindum aðilum teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.
6. Meðalmenn ehf. hafa ákveðið að efla innra eftirlit fyrirtækisins eftir eigendaskipti hjá fyrirtækinu. Ákveðið er að byggja á COSO aðferðarfræðinni. Hvert af eftirfarandi er ekki eitt af markmiðum innra eftirlits samkvæmt COSO teningnum?
- Samkvæmni (e. compliance) rekstrar við lög og reglur.
 - Árangur og skilvirkni í starfsemi (e. operations).
 - Virkt stjórnendaeftirlit (e. monitoring).
 - Áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar (e. financial reporting).
 - Allt ofangreint er hluti meginmarkmiða innra eftirlits samkvæmt COSO teningnum.

- f. Allt ofangreint er hluti meginmarkmiða innra eftirlits samkvæmt COSO teningnum.
7. Nýr fjármálastjóri Meðalmanna ehf. tilkynnir að um áramót verði tekið í notkun nýtt viðurkennt viðskiptakerfi (Microsoft Dynamics NAV) til að leysa af hólmi nokkur eldri kerfi. Nýja kerfið mun m.a. tengja saman viðskiptamannabókhald, rafrænt samþykktarferli, lánadrottnakerfi, sölukerfi, bankaafstemmingar og eigna- og afskriftakerfi.
- Uppsetningu nýja viðskiptakerfisins og umsjón með innleiðingu þess hefur verið útvistað til viðurkennds þjónustuaðila. Kerfið verður séraðlagað að þörfum Meðalmanna en til þess að hægt sé að nota fyrirbyggjandi gögn í mismunandi kerfum þarf að forrita ný viðmót og breyta útreikningum og virkni eldri kerfa. Eftir innleiðingu kerfisins mun tölvudeild Meðalmanna sjá um rekstur þess.
- Miðað við ofangreindar upplýsingar, hverskonar eftirlit ætti fyrirtækið að innleiða til að uppsetning nýs viðskiptakerfis hafi ekki áhrif á heild og nákvæmni þeirra gagna úr eldri kerfum sem fyrirtækið treystir á við rekstur?
- Ekki er þörf á að innleiða frekara eftirlit með uppsetningu kerfisins þar sem Microsoft Dynamics NAV er vottað bókhaldskerfi.
 - Félagið getur innleitt ferli við breytingastjórnun þar sem breytingar eru útfærðar í prófunarumhverfi áður en uppfærslan er framkvæmd.
 - Þar sem ekki á að breyta gögnum kerfisins, aðeins að færa þau yfir á nýja kerfið, er óþarfi að innleiða sérstakt eftirlit með uppfærslunni.
 - Best væri að stofna sameiginlegan notendaaðgang í nýja viðskiptakerfinu þar sem fjármálastjórinn, tölvudeildin og þjónustuaðilinn geta breytt gögnum handvirkt.
8. Dísu var að vinna hjá tveimur aðilum á tekjuárinu 2014. Hún fékk 290.000 kr. í mánaðarlaun frá A ehf. og 250.000 kr. í mánaðarlaun frá B ehf. Hún var í starfi hjá báðum félögum alla mánuði ársins 2014. Bæði A ehf. og B ehf. reiknuðu staðgreiðslu miðað við lágsta skattþrep (37,3%) og bæði fyrirtækin hafa reiknað Dísu fullan persónuafslátt. Dísu hafði verið að vinna hjá B ehf. á árinu 2013 og hafði ekki tekið skattkort í þaðan þegar hún hóf nám haustið 2013. Þegar hún hóf störf hjá A ehf. sótti Dísu um og fékk nýtt skattkort hjá RSK. Við álagningu gjaldárið 2015 fékk Dísu mun hærri álagningu en hún átti von á þar sem hluti af laununum var skattlagður í miðskattþrepi og hún þurfti að endurgreiða ofnýttan persónuafslátt. Dísu spyr þig nú hver beri ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu.
- B ehf. ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu enda voru þeir að nota gamalt skattkort.
 - Dísu ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu enda bar henni að upplýsa launagreiðanda um hvaða skattþrep skuli miðað við útreikning á staðgreiðslu skatta. Þá voru báðir launagreiðendur með gilt skattkort frá Dísu.
 - RSK ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu þar sem RSK gaf út nýtt skattkort þó svo að eldra skattkort væri ekki skilað.

d. Ekkert af framangreindu á við.

9. Tekjur dánarbús skattleggjast í:

a. 36% skattþrepi.

b. 20% skattþrepi.

c. Launa- og rekstrartekjur skattleggjast í almennu skattþrepi einstaklinga, þ.e. 37,3 – 46,24% tekjuskatti og fjármagnstekjur í 20% skattþrepi.

d. 37,3 – 46,24% skattþrepi.

e. Allar tekjur nema arður skattleggst í 36% skattþrepi. Arður skattleggst í 20% skattþrepi.

10. Hugrún er nýtekin saman við Jónínu og þær hafa hug á að hefja sambúð. Hugrún og Jónína eiga báðar íbúðir en íbúð Jónínu er stærri og því ætla þær að búa þar. Hugrún keypti sína íbúð í fyrra á 40.000.000 kr. en Jónína sína íbúð árið 2012 á 30.000.000 kr. Hugrún ætlar að leigja íbúðina sína út og er að velta fyrir sér hvort hún eigi leigja íbúð sína í langtímaleigu eða í skammtímaleigu til ferðamanna. Hvað af neðangreindum fullyrðingum eru réttar varðandi útleigu íbúðarhúsnæðis Hugrúnar?

a. Þar sem um íbúðarhúsnæði er að ræða þá skattleggst 70% af leigunni sem fjármagnstekjur.

b. Ef Hugrún leigir til ferðamanna þá skattleggjast allar leigutekjurnar sem fjármagnstekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.

c. Ef Hugrún leigir til ferðamanna þá skattleggst 70% af leigutekjunum sem rekstrartekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.

d. Ef Hugrún leigir íbúðina undir atvinnustarfsemi til langs tíma þá skattleggjast leigutekjurnar sem rekstrartekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.

e. Ekkert af framangreindum fullyrðingum eru réttar.

11. Hverjar af neðangreindum greiðslum falla ekki undir staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. eru undanþegnar staðgreiðslu opinberra gjalda? Hvaða fullyrðing er rétt?

a. Fastur mánaðarlegur ökutækjastyrkur.

b. Reiknað endurgjald.

c. Styrkur frá stéttarfélagi til kaupa á gleraugum.

- d. Greiðslur til heimilishjálpar (au-pair) að fjárhæð 1.500.000 á ári.
- e. Allt af framangreindu fellur undir staðgreiðslu.
- f. Ekkert af framangreindu fellur undir staðgreiðslu.

12. Faðir Guðjóns lést nýverið en hann hafði setið í óskiptu búí. Guðjón erfði íbúð föður síns, hesthús og hlutabréf í Marel hf. að nafnvirði 10.000 kr. Guðjón greiddi erfðafjárskatt af fasteignamati íbúðarinnar, kr. 35.000.000 og hesthússins, kr. 15.000.000 og af markaðsverðmæti hlutabréfanna, kr. 2.500.000. Faðir Guðjóns keypti íbúðina árið 2001 á 22.000.000 kr. en íbúðin er 120 m² og 300 m³. Hesthúsið keypti faðir Guðjóns árið 2005 á 5.000.000 kr. og hlutabréfin keypti hann árið 1995 á 200.000 kr. Guðjón ákvað að selja allar eignirnar enda á Guðjón fyrir einbýlishús sem er 200 m² að stærð (500 m³) og hefur engan áhuga á hestamennsku. Guðjón selur íbúðina á 40.000.000 kr., hesthúsið á 15.000.000 kr. og hlutabréfin á 2.750.000 kr. Hver verður skattskyldur söluhagnaður Guðjóns, ef einhver?

- a. Söluhagnaður Guðjóns er 0 kr. enda er hann búinn að greiða erfðafjárskatt af öllum eignunum.
- b. Skattskyldur söluhagnaður er 30.550.000 kr.
- c. Skattskyldur söluhagnaður er 22.050.000 kr.
- d. Skattskyldur söluhagnaður er 2.550.000 kr.
- e. Ekkert af framangreindu er rétt.

13. Kristján er lærður smiður og starfar sem verktaki fyrir ýmsa aðila. Hann er með reksturinn á eigin kennitölu. Kristján hefur reiknað sér 450.000 kr. í endurgjald á mánuði allt árið 2015 sem er sama fjárhæð og Viddi bróðir hans er með í laun sem smiður hjá álveri. Lágmarks reiknað endurgjald iðnaðarmanna er starfa einir skv. reglum um reiknað endurgjald er 362.000 kr. á mánuði. RSK hefur gefið út að lágmarks reiknað endurgjald verði óbreytt á næsta ári. Nú liggur fyrir að tap verður á rekstrinum hjá Kristjáni að fjárhæð 2.000.000 kr. enda hefur verkefnastaðan verið slæm á árinu. Kristján biður þig að gera skattframtal fyrir sig og leita allra leiða til að lágmarka skattgreiðslur hans. Hvaða fullyrðing er rétt?

- a. Kristján getur óskað eftir að reiknað endurgjald næsta árs verði lækkað niður í 362.000 kr. á mánuði.
- b. Kristján getur óskað eftir að reiknað endurgjald verði lækkað um 2.000.000 kr. við álagningu. Yfirfæranlegt tap til næsta árs yrði þá 0 kr.

- c. Kristján getur óskað eftir að reiknað endurgjald verði lækkað um 1.080.000 kr. við álagningu $((450.000 - 362.000) \times 12)$. Yfirfæranlegt tap næsta árs yrði þá 920.000 kr.
- d. Allar framangreindar fullyrðingar eru réttar.
- e. Ekkert af framangreindum fullyrðingum eru réttar.

II. hluti – tekjuskattur og skattskil (35%)

Við skulum gera ráð fyrir að árið 2015 sé nýliðið. Björn Björnsson er málarameistari og er með reksturinn í samlagsfélaginu Málarábræðurnir slf. sem hann og bróðir hans, Sigurður Björnsson eiga. Málarábræðurnir slf. var stofnað árið 2010 og var Birni ráðlagt að stofna samlagsfélag í stað einkahlutafélags þar sem nýsett lög settu ákveðnar takmarkanir á greiðslu arðs til eiganda einkahlutafélaga. Málarábræður slf. fjárfestu í skrifstofuhúsnæði í október 2015 sem félagið leigir út. Hjá félaginu starfa ásamt Birni og Sigurði þrír starfsmenn.

Tap félagsins fyrir fyrir skatta á rekstrarárinu 2015 nam 5.000.000 kr. og heildarvelta félagsins nam 50.000.000 kr.

Eftirfarandi upplýsingar eru fyrirliggjandi um kostnað félagsins á árinu 2015 (allar tölur eru án virðisaukaskatts).

1. Í ársreikningi kemur fram að afskriftir skrifstofuhúsnæðis séu 1.200.000 kr. og afskriftir bifreiðar 200.000 kr. Stofnverð skrifstofuhúsnæðisins er 100.000.000 kr. og stofnverð bifreiðarinnar er 5.000.000 kr. Bifreiðin var keypt árið 2013 og hefur verið afskrifuð skattalega um 1.800.000 kr. í skattframtölum gjaldáranna 2014 og 2015 (vegna rekstraráranna 2013 og 2014).
2. Málarábræðurnir slf. fengu arð af hlutabréfum sem félagið á í Marel hf. að fjárhæð 300.000 kr. á árinu 2015. Arðurinn er tekjufærður í ársreikningi félagsins.
3. Birgðir í ársreikningi 2015 námu 5.000.000 kr. Í skattframtali 2015 vegna rekstrarársins 2014 voru birgðir færðar niður um 200.000 kr.
4. Björn er með bifreið í eigu Málarábræðra slf. til einkanota. Gjaldfærður rekstrarkostnaður bifreiðarinnar er 1.000.000 kr. Björn greiðir tekjuskatt af hlunnindum að fjárhæð 650.000 kr.
5. Málarábræður slf. vilja styðja vel við bakið á stjórnmalaflokknum Pírötum enda hugnast þeim vel málflutningur Pírata. Þeir styrktu flokkinn á árinu um 500.000 kr. og gjaldfærðu í ársreikningi félagsins.
6. Málarábræður slf. gjaldfærðu lán sem félagið hafði veitt óstofnuðu Málarasveininum ehf. sem aðstoð við stofnun Málarasveinsins ehf. að fjárhæð 600.000 kr. Málarasveinin ehf. varð gjaldþrota á árinu 2015.
7. Gengistap vegna erlends láns á árinu 2013 nam 2.500.000 kr. og gengishagnaður á árinu 2014 nam 2.100.000 kr. Gengishagnaður á árinu 2015 skv. ársreikningi nemur 1.800.000 kr.

Verkefni:

Reiknaðu út tekjuskattstofn/yfirfæranlegt tap og tekjuskatt félagsins Málarábræður slf. fyrir **tekjuárið 2015** m.t.t. framangreinds. Þar sem félagið er rekið með tapi skal leitast við að lágmarka yfirfæranlegt tap.

Við biðjum þig að **rökstyðja niðurstöðu þína fyrir hvern lið athugasemdanna (frá 1 -7)** með viðeigandi **tilvísunum í laga- og reglugerðarákvæði og frekari útskýringum** ef með þarf. Auk þess þarf að sýna **forsendur útreiknings**.

III. hluti – virðisaukaskattur og skattskil – (25%)

Setjið fram stuttan og hnitmiðaðan rökstuðning varðandi hvern lið og vísið til laga- og/eða reglugerðarákvæða eftir því sem við á.

Málarábræðurnir slf. fjárfestu eins og að ofan greinir í skrifstofuhúsnæði í október sl. sem þeir leigja út. Um er að ræða 375 m² atvinnuhúsnæði í Skútuvogi sem skiptist í 3 hluta: 100 m² geymslulager ásamt 50 m² skrifstofu á jarðhæð, 150 m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð og 75 m² rishæð sem er eitt opið rými með góðu útsýni yfir Grafarvoginn og Esjuhlíðar. Þegar félag þeirra bræðra keypti húsnæðið voru í því leigutakar á jarðhæð og á 2. hæðinni en leigutaki rishæðarinnar ákvað í kjölfar eigendaskiptanna að segja upp leigunni og var samið um að hann færi út úr húsnæðinu innan tveggja mánaða þótt leigusamningurinn gildi til 3ja ára í viðbót. Bræðurnir hafa hug á að nýta sér aukinn ferðamannastraum til Íslands og eru því búnir að fá Ísarkitekta ehf. til þess að teikna fyrir sig breytingar og stækkun rishæðarinnar þannig að á efstu hæðinni verði tvær stórar lúxusíbúðir til útleigu fyrir ferðamenn. Áætlað er að breytingarnar verði um garð gengnar fyrir næsta sumar og fyrstu gestirnir geti leigt íbúðirnar strax í maí 2016. Félagið er því ekki eingöngu í málaráþjónustu á þessu ári heldur hefur rekstur og útleiga umræddrar fasteignar í Skútuvogi bæst við. Það eru ýmis álitamál tengd rekstrinum sem vakna upp og hér á eftir fara nokkur þeirra sem þið þurfið að skoða og veita svör við spurningum.

1. Málarábræður slf. yfirtóku kvöð um leiðréttingu virðisaukaskatts við kaup á Skútuvoginum en fyrri eigandi hafði byggt húsnæðið undir eigin virðisaukaskattsskyldan rekstur þótt hann hafi síðan undir lokin verið hættur og leigt húsið út í frjálsri skráningu. Bókari þeirra Málarábræðra sagði þeim að þar sem þeir væru nú þegar með virðisaukaskattsnúmer ættu þeir að innheimta áfram leigu með virðisaukaskatti og gætu nýtt innskattinn af endurbótum sem bræðurnir lögðu út í kostnað vegna í kjölfar kaupana. Var húsaleiga vegna október innheimt með virðisaukaskatti af öllum leigutökum og útskattinum skilað á virðisaukaskattskýrslu Málarábræðra slf. þann 7. desember s.l. Stuttu seinna barst félaginu fyrirspurnarbréf frá RSK þar sem spurt var út í útleiguna á húsnæðinu og óskað eftir hreyfingarlista innskatts og útskatts. Brugðust bræðurnir við skjótt og sendu inn öll umbeðin gögn. Í kjölfarið barst svo bréf frá RSK þar sem boðuð var niðurfelling alls innskatts vegna kostnaðar við endurbæturnar. Kom fram í bréfi RSK að félagið hefði ekki heimild til þess að innheimta útskatt af húsaleigunni og að ekki væri fyrir hendi innskattsréttur vegna kostnaðar sem félli til vegna húsnæðisins.

Gerið grein fyrir því sem félagið hefði átt að gera í kjölfar kaupanna til þess að öðlast þær heimildir sem ekki virðast hafa verið til staðar samkvæmt bréfi RSK.

2. Málarábræðurnir slf. keyptu á árinu nýjan bíl undir meginstarfsemi sína, þ.e. málaráþjónustuna. Um er að ræða bifreið af gerðinni Volkswagen Caddy sem er lítil sendibifreið og uppfyllir hún

skilyrði til þess að fara á rauð-hvít skráningarnúmer (VSK-skráningarmerki). Ákveðið var að bíllinn yrði ekki settur á rauð-hvít skráningarnúmer heldur yrði hann á almennum blá-hvítum númerum.

Hvaða reglur gilda um nýtingu innskatts af kostnaði við öflun og rekstur bílsins í þessu tilviki?

3. Björn er mjög fróður um byggingarlist og og mikill áhugamaður um sögu gamalla húsa í Reykjavík. Honum datt í hug að hann gæti boðið upp á gönguferðir og leiðsögn um Þingholtin í Reykjavík fyrir ferðamenn og þannig haft bæði ánægju og tekjur af áhugamálinu sínu. Hann áætla að hann gæti haft ágætar tekjur af slíkum gönguferðum og reiknar hann lauslega að tekjurnar gætu verið á bilinu 750.000 til 1.250.000 kr. á ári vegna þóknunar sem hann myndi innheimta fyrir þessa gönguleiðsögn og þá í eigin nafni.

Gerðu grein fyrir því hvaða reglur gilda um þessa starfsemi eingöngu m.t.t. virðisaukaskatts og greinið frá skattskyldu, skattskilum og skatthlutföllum ef við á.

4. Málaraþræður slf. hafa í gegnum tíðina oft unnið fyrir JSE verktaka ehf. en um daginn vildi það svo til að forsvarsmaður síðarnefnda félagsins bauð Birni til kaups reksturinn þar sem hann vildi hætta rekstri og setjast í helgan stein í Flórída. Gengu Málaraþræður slf. og JSE verktakar ehf. því frá kaupsamningi um reksturinn og fengu þeir þræður mjög stóran og mikinn tækjalager með í kaupunum ásamt öðrum rekstrarfjármunum og ljóst að þessum kaupum gætu fylgt töluvert aukin viðskipti fyrir Málaraþræður slf.

Greinið frá því hvernig fara ber með kaupin m.t.t. virðisaukaskatts.

5. Í áður nefndum samskiptum við RSK gerði embættið athugasemd við ýmsar færslur í bókhaldi Málaraþræðra slf. sem þeir töldu að væri ekki innskattsbær kostnaður hjá félaginu. Um var að ræða:

- *Virðisaukaskattur af þjónustu ráðgjafa í tengslum við mögulega sameiningu við JSE Verktaka ehf. sem gekk svo ekki eftir. Hins vegar bauðst þeim reksturinn til kaups eins og áður sagði en vinna ráðgjafans nýttist að litlu leyti við þá kaup.*
- *Virðisaukaskattur vegna kostnaðar við kaup á nýjum flíspeysum frá Cintamani til starfsmanna og helstu viðskiptavina að andvirði 35.000 kr. hver. Peysurnar eru ómerktar en í sömu litunum og uppáhalds knattspyrnufélag Björns klæðist, eða svörtu og hvítu.*
- *Virðisaukaskattur vegna kaupa á nettengingu heima hjá Sigurði og Birni.*

Af hverju gerir RSK athugasemdir við þennan kostnað? Gerðu grein fyrir þeim sjónarmiðum sem skattyfirvöld eru að byggja á.

Setjið fram stuttan og hnitmiðaðan rökstuðning varðandi hvern lið auk þess sem það er MJÖG mikilvægt að vísa til laga- og/eða reglugerðarákvæða eftir því sem við á.